

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson

Um rannsóknir í Vífiðsstaðavatni 1985 og 1986

Eintak bókasafns.

Veiðimálasto

VMST-R/87002

VMST-R/87002.

723

Veiðimálastofnunin  
Jón Kristjánsson  
Febrúar 1987

### Um rannsóknir í Vífilsstaðavatni 1985 og 1986

Fylgst hefur verið með fiskinum í vatninu af og til síðan fyrir 1980. Stærðarsamsetning stofnsins hefur verið svipuð frá ári til árs, og er mynd 1, mjög dæmigerð. Þar sést að lang mest er af 20-26 sm fiski og hámarksstærðin er um 35 sm (400 grömm). 20-25 fiskarnir eru á þriðja aldursári, afgangurinn er aðallega á fjórða ári, mjög lítið er um eldri fiska. Svona hefur þetta verið ár eftir ár, mikið af ungfiski "birtist" á hverju vori, en hann lifir stutt, án þess að hægt sé að kenna því um að hann hafi verið veiddur. Náttúruleg dánartala er sem sagt mjög há, og er ekki til á því fullnægjandi skýring, þó ýmsar tilgátur séu á lofti.

Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að Veiðimálastofnunin ákvað að ráðast í all viðamikil rannsóknarverkefni í vatninu vorið 1986.

Tilgangur verkefnisins var að mæla þætti eins og vöxt, stofnstærð, dánartölu, framleiðslu o.fl. og vita hvort hægt væri að hafa áhrif á þá með veiðum.

Skyldi stefnt að því að veiða u.þ.b. helminginn af 20-25 sm fiskinum og sjá hvað gerðist. Á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist skyldu teknar nánari ákvarðanir um framhaldið.

Vorið 1985 voru merktar 424 bleikjur í vatninu (mynd 1). Veiði hófst mánuði síðar og endurheimtust 227 fiskar þá um sumarið, eða 52%.

Þetta tilsvavar 52% veiðialagi, mynd 2 sýnir hvernig veiðialagið dreifðist á hina ýmsu stærðarflokka.

Árið 1986 var tilrauninni fram haldið á svipaðan hátt, nema hvað minna var merkt af fiski og minna var veitt.

Unnið hefur verið úr gögnunum að mestum hluta, og verið er að ganga frá áfangaskýrslu. Milli ára 85 og 86 bættu 23 sm fiskar við sig rúmum 6 sm, en stærri fiskar minnu.

Heildardánartala tveggja vetra fiska mældist um 75%, milli ára.

Hér er þó ekki meiningin að segja frá niðurstöðum, heldur að gera lauslega grein fyrir verkefninu almennt vegna ytri aðstæðna sem óvænt komu upp á.

-----

Sl. sumar kom í ljós að skyndileg breyting hafði orðið á fiskinum í vatninu. Fiskar sem merktir voru í júní höfðu ekki bætt neinu við sig á miðju sumri, gagnstætt því sem þeir höfðu gert á sambærilegum tíma árið áður.

Vöxturinn hafði stöðvast.

Einnig varð vart við mikið af smáum (15-18 sm) kynþroska hængum um haustið.

Þetta kom sérstaklega á óvart þar sem búist hafði verið við, og reyndar ætlast til, að vaxtarhraði myndi aukast við hið mikla veiðiálag.

Það er nærtækt að skrifa þessar óvæntu niðurstöður á þá miklu vatnsborðslækkun sem varð í vatninu seinnipart sumarsins 1985, og endurtók sig reyndar sumarið eftir. Vatnsborð Vífilsstaðavatns var mælt nokkuð reglulega sl. sumar og eru niðurstöður sýndar í mynd 3.

Þar kemur fram að vatnið var um tíma helmingi grynna en venjulegt er, og bæði árin þornaði Vífilsstaðalækurinn alveg. Rúmmál vatnsins hefur sennilega minnkað meira en um helming, og þar með lífsrúm fisksins, með öllu sem því tilheyrir.

Fæðan hlýtur að hafa minnkað verulega en hún er sennilega sá þáttur sem mestu ræður um vöxt og viðgang fiskstofnsins. Þó mikilvægar upplýsingar hafi fengist, þá hefur þessi vatnsborðslækkun gert það að verkum, að megintilgangur verkefnisins hefur farið í vaskinn.

Einnig er rétt að benda á að framtíð vatnsins og umhverfis þess er í mikilli hættu, verði miklar breytingar á vatnsborði árlegur viðburður.

Það er full ástæða til þess að komast að því hvort hér sé um að kenna óvenjulegu tíðarfari, þ.e. tveimur þurrkasumrum í röð, eða hvort þetta sé af manna völdum þ.e. vatnstöku úr borholum við vatnið eða jafnvel enn lengra í burtu.


Mikilvægt er að fá úr þessu skorið sem allra fyrst, því EF þetta er af manna völdum, verður að gera einhverjar ráðstafanir sem allra fyrst.

MYNDI

VÍFLSSTAÐAVÁTN 6/6 1985

LENGDARDEIÐING MERKTRA  
FISKA (BLEIKJA)

N = 424



MYND 2

No. TAGGED

Σ 424


No. REC.

Σ 227

K. CM

VIFIKSTADAVATA

1985.



[3] VRI

[2] UMI

[1] UR/M%

EMDURHEIMITU - PROSJEKT/LENGD

50%

VIFIKSTADAVATA 1985

LENGDARDREIFING MERKTRA (VMA) OS EMDURHEIMITRA (VRI) FISKA.



MYND 3

VÍFÍKSTADAVATN  
VATNSHÉÐ 1986.

cm

10  
0  
-10  
-20  
-30  
-40  
-50  
-60  
-70  
-80

MARK  
↓

YFIRFALL

← EKKI UNNT AÐ MÆLA  
(STÍFLAN Í BÚGULL)

300m

1/12  
1/11  
1/10  
1/9  
1/8  
1/7  
1/6

